

Hóplíftrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Hugtaka- og orðaskilgreiningar:

Félagið: Merkir Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.

Vátryggingartaki: Sá sem gerir hópvátryggingarsamning við félagið.

Hópur: Þeir starfsmenn vátryggingartaka sem tilgreindir eru í hópvátryggingarsamningi og uppfylla skilyrði um að geta fallið undir vátrygginguna.

Vátryggður: Þeir starfsmenn vátryggingartaka sem falla undir hópin, hafa verið að fullu vinnufærir í a.m.k. 3 mánuði og hafa ekki sérstaklega hafnað þátttöku.

Vátryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Vátryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að vátryggingarsamningur hafi verið gerður.

Réttthafi: Sá sem á rétt á bótum úr vátryggingu þessari.

Endurnýjunardagur: Fyrsti dagur endurnýjunartímabils

Efnisyfirlit

1. gr.	Upphaf ábyrgðar félagsins	3
2. gr.	Aldursmörk og gildistími	3
3. gr.	Svik og rangar upplýsingar.....	3
4. gr.	Endurnýjun og uppsögn	3
5. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu	3
6. gr.	Gildissvið – Takmarkanir á ábyrgð félagsins	4
7. gr.	Lok vátryggingar gagnvart þátttakanda í hópi	4
8. gr.	Framhaldstrygging.....	4
9. gr.	Yfirráðaréttur	4
10. gr.	Líftryggingarfjárhæðir	4
11. gr.	Bótageiðslur	4
12. gr.	Rétthafi bóta.....	4
13. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - Upplýsingar við uppgjör bóta.....	4
14. gr.	Fyrning	5
15. gr.	Breytingar á skilmálum og iðgjaldi.....	5
16. gr.	Ágreiningur.....	5
17. gr.	Varnarþing.....	5
18. gr.	Vernd persónuupplýsinga.....	5

1. gr. Upphaf ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins gagnvart einstökum þátttakendum í hópnum hefst þegar hann uppfyllir skilyrði þess að vera þátttakandi í hópnum skv. samningi um váttrygginguna. Sé skilyrði hópaðildar einstakra þátttakenda ekki háð sérstöku samþykki félagsins og sé annað ekki sérstaklega tekið fram í samningnum hefst ábyrgð félagsins gagnvart einstökum þátttakendum í hópnum þó ekki fyrir en viðkomandi hefur verið að fullu vinnufær í þrjá mánuði.

2. gr. Aldursmörk og gildistími

Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára. Sé ekki annað ákveðið í samningi um hóplíftrygginguna fellur váttryggingarvernd sérhvers þátttakanda í hópnum niður í síðasta lagi er þátttakandinn nær 67 ára aldri. Gildistími líftryggingar einstakra þátttakenda kemur fram á váttryggingarskírteini.

3. gr. Svik og rangar upplýsingar

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

4. gr. Endurnýjun og uppsögn

Váttryggingin endurnýjast árlega hafi váttryggingartaki eða félagið ekki sagt samningi um hóplíftrygginguna upp með mánaðar fyrirvara miðað við endurnýjunardag.

Falli samningur um hóplíftrygginguna úr gildi, skal þátttakendum í hópnum tilkynnt það skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti.

Einstakir þátttakendur í hópnum geta sagt sig úr hóplíftryggingu þessari hvenær sem er á váttryggingartímanum. Uppsögn skal vera skrifleg.

5. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Iðgjaldið

Iðgjald ræðst af gildandi iðgjaldaskrá félagsins á hverjum tíma. Iðgjald þeirra þátttakenda sem gengið hafa í eða úr hópnum á liðnu ári reiknast hlutfallslega og gerist það upp í lok hvers váttryggingaárs.

Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á endurnýjunardegi. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans.

Nema um annað sé samið sér váttryggingartaki um greiðslu iðgjalda til félagsins. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Vanskil

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur ábyrgð félagsins niður, sbr. 96. og 131. gr. laga nr. 30/2004. Þátttakendum í hópnum skal tilkynnt skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti um niðurfellingu ábyrgðar félagsins vegna vanskila. Váttryggingin gildir gagnvart einstökum þátttakendum í hópnum í einn mánuð frá því að slík tilkynning var send eða hann fékk með öðrum hætti vitneskju um atvik.

6. gr. Gildissvið – Takmarkanir á ábyrgð félagsins

Við andlát einstakra þátttakenda greiðir félagið þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á andlátsdegi samkvæmt váttryggingarskírteini, skilmálum þessum og samningi milli váttryggingartaka og félagsins.

Hafi þátttakandi í hópnum svipt sig lífi og líftrygging hans eigi verið óslitið í gildi, að minnsta kosti síðustu 12 mánuði, er félagið laust úr ábyrgð.

Séu fleiri áhættur undanskildar samkvæmt samningi váttryggingartaka og félagsins, kemur það fram í váttryggingarskírteini.

7. gr. Lok váttryggingar gagnvart þátttakanda í hópi

Þeir þátttakendur sem ganga úr hópnum eru váttryggðir út váttryggingarárið nema annars sé sérstaklega óskað og tilkynnt til félagsins.

Að öðru leyti fer um lok ábyrgðar félagsins gagnvart þátttakendum í hópnum samkvæmt því sem fram kemur í samningi um váttrygginguna, sbr. XIX. kafla laga nr. 30/2004.

8. gr. Framhaldstrygging

Falli samningur um hóplíftryggingu úr gildi eða gangi þátttakandi úr hópi sínum er félaginu skylt með skriflegri tilkynningu þar að lútandi að veita honum án nýrra heilsufarsupplýsinga samskonar líftryggingu og þá er hann hafði í hópnum. Iðgjald þeirrar líftryggingar reiknast eftir gjaldskrá félagsins fyrir einstaklingsbundnar líftryggingar.

Hyggist þátttakandinn nýta sér réttinn skal hann gera það skriflega innan þriggja mánaða eftir að ábyrgð félagsins hefur fallið niður.

9. gr. Yfirráðaréttur

Óheimilt er að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti réttindum sem hóplíftrygging þessi veitir. Falli líftryggingin úr gildi af öðrum orsökum en dauða er verðmæti hennar ekkert.

10. gr. Líftryggingarfjárhæðir

Líftryggingarfjárhæðir eru samkvæmt samningi um váttrygginguna milli váttryggingartaka og félagsins. Upplýsingar um líftryggingarfjárhæðir koma fram í váttryggingarskírteini.

11. gr. Bótagreiðslur

Tilkynna skal félaginu um andlát þátttakanda í hópi án ástæðulausrar tafar.

Váttryggingarfjárhæðin fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að réttthafar hafa lagt fram nauðsynleg sönnunargögn fyrir greiðsluskyldu félagsins og rétti sínum.

Félagið áskilur sér rétt til að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

12. gr. Réttthafi bóta

Um rétt til greiðslu líftryggingarfjárhæðarinnar fer samkvæmt reglum XV. kafla laga nr. 30/2004 nema váttryggingartaki hafi sérstaklega samið um annað, sbr. 136. gr. laga nr. 30/2004. Það þýðir að líftryggingarfjárhæðin rennur til maka váttryggðs. Láti líftryggður ekki eftir sig maka fellur líftryggingarfjárhæðin til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

Óski váttryggingartaki eftir því að líftryggingarfjárhæðin verði greidd til tiltekinna nafngreindra einstaklinga eða annarra réttthafa, er nauðsynlegt að semja um slíkt við félagið. Upplýsingar um tilnefningu réttthafa eru skráðar á váttryggingarskírteinið.

13. gr. Brot á upplýsingaskyldu - Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna

vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

14. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr vátryggingu þessari fynast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

15. gr. Breytingar á skilmálum og iðgjaldi.

Félagið áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar á vátryggingartímanum, sbr. 133. gr laga nr. 30/2004.

16. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

17. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

18. gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna vátryggingar þessarar aðeins við mat á vátryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á vátryggingavernd og veita vátryggingartaka ráðgjöf um val á vátryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til vátryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2007.

[Efst á skjal](#)